

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 103/2001**

**frá 28. september 2001**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2001 frá 19. júní 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2000 frá 26. júní 2000 um varanlegt leyfi fyrir aukefni og bráðabirgðaleyfi fyrir ný aukefni, nýja notkun aukefna og nýjar efnablöndur í fœðri<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1887/2000 frá 6. september 2000 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýtt aukefni í fœðri<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2437/2000 frá 3. nóvember 2000 um varanlegt leyfi fyrir aukefni og bráðabirgðaleyfi fyrir ný aukefni í fœðri<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2697/2000 frá 27. nóvember 2000 um bráðabirgðaleyfi fyrir aukefni í fœðri<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

*I. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 1o (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 654/2000) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 155, 28.6.2000, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 227, 7.9.2000, bls. 13.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 280, 4.11.2000, bls. 28.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 319, 16.12.2000, bls. 1.

- „lp. **32000 R 1353**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2000 frá 26. júní 2000 um varanlegt leyfi fyrir aukefni og bráðabirgðaleyfi fyrir ný aukefni, nýja notkun aukefna og nýjar efnablöndur í fóðri (Stjtið. EB L 155, 28.6.2000, bls. 15).
- lq. **32000 R 1887**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1887/2000 frá 6. september 2000 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýtt aukefni í fóðri (Stjtið. EB L 227, 7.9.2000, bls. 13).
- lr. **32000 R 2437**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2437/2000 frá 3. nóvember 2000 um varanlegt leyfi fyrir aukefni og bráðabirgðaleyfi fyrir ný aukefni í fóðri (Stjtið. EB L 280, 4.11.2000, bls. 28).
- ls. **32000 R 2697**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2697/2000 frá 27. nóvember 2000 um bráðabirgðaleyfi fyrir aukefni í fóðri (Stjtið. EB L 319, 16.12.2000, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1353/2000, 1887/2000, 2437/2000 og 2697/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*E. Bull*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*